

11. febrúar 2019.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ – Sjónarmið skóla og kostnaður við þátttöku í umhverfisfræðslu (OS 1801417)

Eftirfarandi er úr fundargerð fræðsluráðs Hafnarfjarðar þann 21. nóvember 2018:

1. 1801631 - Umhverfisfræðsla í Hafnarfirði

Lagt fram bréf frá Gróður fyrir fólk dags. 5. desember sl. þar sem óskað er eftir styrk til uppgræðslu með hafnirskum grunnskólabörnum á Vistvangi.

Lagt fram.

Umræðan á fundinum benti til þess að óskað væri frekari sjónarmiða skólanna við þátttöku í verkefninu.

Í framhaldi af fundi fræðsluráðs var skólastjórnendum grunnskóla sendur póstur þar sem óskað var viðbragða í samræmi við ákvörðun fræðsluráðs

From: Vigfús Hallgrímsson <vigfus@hafnarfjordur.is>

Sent: föstudagur, 11. janúar 2019 15:41

Subject: Óskað umsagna skóla vegna Krísuvíkurverkefnis - Gróðurs fyrir fólk

Sælir skólastjórar.

Á fræðsluráðsfundi í desember var óskað eftir að grunnskólarnir legðu fram sjónarmið sín gagnvart áframhaldandi þátttöku í uppgræðsluverkefninu í Krísuvík með Gróðri fyrir fólk í landnámi Ingólfs. Sjá hér neðar.

Þessari ósk er komið hér á framfæri við ykkur og óskað smá viðbragð, a t.d. hvort þið teljið þetta æskilegt verkefni og gildi þess fyrir skólana – og reynslu þar sem hún er til staðar. (Ekki er spurt um út frá fjármagni en þar sem þið vitið það getið þið tjáð skoðun ykkar á því líka, að þegar allir skólar eru komnir inn kostar þetta um 3 milj. á ári fyrir bæinn.) Skilið sem viðbrögð á þennan póst.

Óskað er eftir að svar komi ekki síðar en föstudaginn 18. janúar og berist til mín og Fanneyjar.

Skólastjórnendur hafa verið að senda inn svör sín og eru þau þessi ótengd einstaka skólum:

Ef allir eru með, þá erum við með.

Við erum hlutlaus. Hvorki með eða á móti.

Blaðsíða | 2

Við hér höfum í sjálfu sér ekki mikla reynslu af þessu verkefni. Tókum þátt í fyrsta sinn vorið 2018 þegar nemendur í 4. bekk fóru og gróðursettu plöntur. Við vorum að vísu mjög óheppin með veður en það rigndi mjög hressilega þann dag. Gildi verkefnisins er mjög gott sem verkefni til að fræða nemendur er lítur að uppgræðslu lands, samfélagsábyrgð og náttúruvernd. Það er auðvelt að tengja verkefnið við bæði náttúrugreinar og samfélagsgreinar.

Þetta verkefni kostar frekar mikið að mínu mati en ef nóg er til af aurum þá er þetta verkefni skemmtilegt, ég tel að það mætti alveg sleppa þessu. Á hverju vori fer árgangur í að gróðursetja plöntur sem eru fengnar úr Yrkjusjóði. Hópurinn gengur eða hjólar í skógræktina við Hvaleyrarvatn þar sem hver og einn fær sínar plöntur til að gróðursetja og boðið er upp á fræðslu í leiðinni.

Eftir að hafa rætt við þá kennara sem tekið hafa þátt í uppgræðsluverkefninu í Krísvík með *Gróðri fyrir fólk í landnámi Ingólfs* kom skýrt fram að framkvæmdina má bæta. Aðallega kom fram að of mikill tími fari í bið hjá nemendum því að á meðan að 3-4 nemendur mæla plöntur bíða hinir eða moka skít og bera áburð á plönturnar. Nemendur virtust frekar áhugalausir og skildu takmarkað tilgang verksins. Verkefnið sjálft getur þó haft mikið gildi varðandi náttúruvernd og uppgræðslu ef vel er að því staðið.

Við höfum ekki reynslu af þessu en mér líst vel á verkefnið sem slíkt, en þetta er samt ekki verkefni sem er ofarlega á forgangslista hjá mér þessa dagana, margt annað sem ég tæki inn á undan þessu ef ég þyrfti að velja og borga.

Við höfum verið með í þessu verkefni og líkað það mjög vel en við myndum hugsa okkur um og jafnvel kjósa að nýta peningana í að hugsa um landið okkar sem við erum að græða upp.

Nemendur hér haf farið einu sinni að gróðursetja en 4. bekkur fór vor 2018. Það var mikil ánægja með þetta bæði hjá kennurum og nemendum. Skipulag rútuferða og skipulag þegar á staðinn var komið var til fyrirmyndar. Þetta verkefni hefur mikilvægt gildi fyrir okkur sem erum stöðugt að vinna að því að vera Grænfánaskóli og er frábær viðbót við útikennslu.

Það var ákvörðun fræðsluráðs á 391 fundi ráðsins þann 4. apríl 2018 að taka þátt í verkefninu. Þegar ákvörðun var tekin var ekki óskað eftir kostnaðarþátttöku bæjarins vegna aðkomu grunnskólanna að verkefninu. Það var svo síðar á árinu 2018 að óskað var eftir greiðslu á reikningi upp á kr. 800.000 fyrir þátttöku. Í erindi frá Birni Guðbrandi Jónssyni, sem lagt var fyrir fund fræðsluráðs 21. nóvember 2018, kom fram að þegar allir skólarnir væru komnir í verkefnið mætti ætla að kostnaður fyrir bæinn væri um 3,2 miljónir króna. Þessi kostnaður er ekki nákvæmlega skilgreindur í erindinu. Í öðrum gögnum má sjá að um er að ræða samþættan kostnað sem skiptist í rútukostnað, plöntur og áburð, leiðsögn á staðnum, umsýslu verkefnis, vélavinnu og verkfæri.

Ef þetta er nánar útfært eftir árum og þátttöku skólanna, eins og búið var að ráðgera skipulagið, er hægt að reikna kostnað bæjarins eftir árum eitthvað á þennan veg.

Ár	2017	2018	2019	2020	2021
4. bekkir að vori gróðursetja og skrá í Krísuvík	Setbergsskóli Víðistaðaskóli	+ Hvaleyrarskóli Öldutúnsskóli	+ Hraunvallaskóli Skarðshlíðarskóli	+ Áslandsskóli Lækjarskóli	
6. bekkir að hausti mæla og skrá í Krísuvík		Setbergsskóli Víðistaðaskóli	+ Hvaleyrarskóli Öldutúnsskóli	+ Hraunvallaskóli Skarðshlíðarskóli	+ Áslandsskóli Lækjarskóli
Kostnaður (kr.)	-	860.000	2.000.000	2.750.000	3.100.000

Eftir árið 2021 má áætla að kostnaður verði fastur og hækki þá í samræmi við verðbólgu ár hvert. Kostnaðurinn er miðað við það að nemendafjöldi í árgangi sé svipaður og nú er eða um 400 nemendur.

Virðingarfyllst,


Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla